



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HAMINGJUÓSKIR TIL VILBORGAR ÖRNU

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sendi í dag, mánudaginn 22. maí 2017, hamingjuóskir til Vilborgar Örnú Gissurardóttur sem náð hefur því takmarki að klífa hæsta tind heims á Everestfjalli fyrst íslenskra kvenna.

Í kveðju sinni segir forseti meðal annars að með þessu mikla afreki hafi Vilborg Arna sýnt í verki hverju hægt sé að áorka með því að setja sér markmið og gefast ekki upp þótt á brattann sé að sækja. Staðfesta hennar og kraftur geti orðið öðrum fyrirmynd.

22. maí 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).